

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Hækkun á þaki Hrafnistu.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimilað var að lyfta þaki á B-álmu Hrafnistu fyrir 9 vistherbergi.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Innkeyrslum á bílastæði Hrafnistu fjölgað.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimiluð var ný innkeyrsla á lóð Hrafnistu frá safngötu norðan við spennistöð.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Garðabæjar, 20. mars 2003.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. mars 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir,
skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Hafdís Hafliðadóttir,
skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.